



Stjórnarfundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 31. október 2012, haldinn í síma á Ísafirði, Patreksfirði og Reykhólum. Kl 13.00.

Mætt voru á Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson (í síma) og Sigurður Pétursson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður gerði tillögu að breytingu á dagskrá með nýjum dagskrárliðum annars vegar dagskrárlið að skipa í embætti innan stjórnar og hinsvegar dagskrárlið er varðar ríkisstyrkt innanlandsflugs til Bíldudals og Gjögurs. Dagskrárbreyting samþykkt.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. október 2013

Lögð fram fundargerð stjórnar 3. október 2013. Fundargerð samþykkt.

2. Stoðkerfi atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum.

- a. Sameining Fjórðungssambands Vestfirðinga við Markaðsstofu Vestfjarða.
 - i. Fjárhagsstaða

Formaður sem er fulltrúi stjórnar í Markaðsstofu Vestfjarða og framkvæmdastjóri fóru yfir fjárhagsstöðu Markaðsstofu. Afla þarf nánari gagna um fjárhagsstöðu og atriði er varða yfirfærslum verkefna Markaðsstofu, til að tryggt verði að FV taki yfir starfsemina án þess að það kalli á frekari skuldbindingu FV.

- ii. Verkefnastaða

Formaður fór yfir verkefnastöðu Markaðsstofu og skuldbindingar fyrir næsta ár. Stjórn óskar eftir að stjórn skili nánari gögnum um verkefnastöðu.

- iii. Hugmyndir að fyrirkomulag samstarfs við sveitarfélög og atvest

Ræddar hugmyndir um fyrirkomulag á rekstri verkefna Markaðsstofu Vestfjarða.

- b. Menningarráð Vestfjarða
 - i. Fjárhagsstaða

Kynnt endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012 og fjárhagsáætlun ársins 2013 Menningarráðs Vestfjarða, sem samþykktar voru á aðalfundi Menningaráðs þann 5. október s.l.. Stjórn samþykkir að leggja þessar áætlanir til grundvallar starfsemi innan FV frá næstu áramótum.

- ii. Verkefnastaða

Kynnt ársskýrsla Menningaráðs Vestfjarða 2011



iii. Hugmyndir að fyrirkomulagi samstarfs við sveitarfélög

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um fyrirkomulag sameiningu FV og menningarráðs. Stjórn felur framkvæmdastjóra um fá nánari upplýsingar um ráðningarsamband við menningarfulltrúa.

3. Skipting verkefna stjórnar.

Formaður gerði tillögu að varaformanni, Friðbjörg Matthíasdóttir. Tillagan samþykkt.

Formaður gerði tillögu að formanni samgöngunefndar, Sigurð Pétursson. Tillagan samþykkt.

4. Þjónustusamningur við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um efnisatriði þjónustusamnings. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að þjónustusamningi á grunni minnisblaðs og umræðu á fundinum.

5. Umhverfissvottun sveitarfélaga

a. Staða máls

Mætt til fundar Díanna Jóhannsdóttir, verkefnastjóri. Kynnti hún stöðu verkefnisins

b. Skipting framlaga sveitarfélaga

Greiða þarf skráningargjald til samhliða umsókn um aðild að vottunarkerfinu, Earth Check. Tillagan um að greiða helming stofngjalds að hálfu FV og helmingur að hálfu sveitarfélaga. Framkvæmdastjóra falið að innheimta hlut sveitarfélaga en greiða skráningargjald nú þegar, af fjárveitingu umhverfisráðuneytis til verkefnisins.

6. Verkefnastuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga v. sóknaráætlunar landshluta, umsókn FV.

Framkvæmdastjóri kynnti að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi ekki lokið umfjöllun um ráðstöfun verkefnastuðnings til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna aðkomu þeirra sóknaráætlunar landshluta. Hinsvegar var samþykkt í lok september að greiða fyrirfram 1,0 mkr til hvers landshluta fyrir sig og nú aftur 0,5 mkr í byrjun nóvember. Staða málsins verður kynnt nánar með bréfi frá Jöfnunarsjóði.



7. Bréf

Lagt fram yfirlit um útsend og aðsend bréf.

8. Önnur mál.

Friðbjörg Matthíasdóttir, kynnti að í gær hefði Flugfélagið Ernir kynnt að forsendur fyrir samningsbundnu flugi við ríkið væru brostnir og myndu að óbreyttu hætta flugi á Gjögur og Bíldudal nú um mánaðarmót. Samþykkt að senda eftirfarandi ályktun á innanríkisráðherra.

„Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á innanríkisráðherra að tryggja áframhaldandi áætlunarflug til Gjögurs og Bíldudals eins og samningar kveða á um. Flug til Gjögurs og Bíldudals er forsenda fyrir atvinnu og búsetu á svæðunum og það er skylda stjórnvalda að sjá til þess að ekki verði brestur á þeirri þjónustu.

Spurst fyrir um stöðu IPA verkefnisumsókna. Dána Jóhannsdóttir kynnti þau þrjú verkefni sem lagt var upp með í sumar:

1. Matarkista, upphaflega samstarfsverkefni SSV, SSNV og FV. Einhverjir samstarfsaðilar hafa þó dregið sig út úr verkefninu og því er enn óljóst um framlag FV og Atvest inn í þetta verkefni. Von er til að það skýrist í þessari viku.
2. Vatnavinir, samstarfsverkefni FV, Atvest, SSV, og SSNV.
3. Vestfirski sjávarútvegsklasinn, var upphaflega sér vestfirskt verkefni en vegna kröfu um samstarf var haft samstarf við önnur landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Samstarfsaðilar ættu að skýrast í vikunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.45